

Svar

innanríkisráðherra við fyrirspurn frá Birgittu Jónsdóttur um pyndingar.

1. *Hefur verið brugðist við tilmælum nefndar Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu til íslenskra stjórnvalda um að lagfæra skilgreiningu pyndingahugtaksins í almennum hegningarlögum og tryggja með fullnægjandi hætti að pyndingar verði gerðar refsiverðar?*

Kveðið er á um bann við pyndingum og annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu í 68. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins. Sambærilegt bann er að finna í 3. gr. mannréttindasáttmála Evrópu sem var lögfestur á Íslandi með lögum nr. 62/1994. Ekki er að finna skilgreiningu á hugtakinu pyndingum í hegningarlögum þó svo að ákvæði laga taki til þeirrar háttsemi sem rúmast innan hugtaksins. Eins og komið hefur fram í reglulegum skýrslum íslenskra stjórnvalda til nefndarinnar sem hefur eftirlit með framkvæmd samningsins hefur afstaða stjórnvalda verið sú að lagaumgjörðin sé fullnægjandi hvað varðar ákvæði 1. gr. samningsins. Hér er sérstaklega vísað til ákvæða 217. og 218. gr. hegningarlaga um líkamsárásir og sérrefsiákvæða vegna brota í opinberu starfi í XIV. kafla laganna, þ.e. ákvæða 131., 132., 134., 135. og 138. gr. Þá ber að geta ákvæða 225. gr. hegningarlaga um ólögmetna nauðung og 226. gr. um frelsissviptingu, sem og ýmis ákvæði XXII. kafla laganna um kynferðisbrot. Þá er rétt að minna á þá almennu túlkunarreglu að landslög ber að túlka til samræmis við þjóðarétt. Því er ljóst að ef reyndi á hugtakið yrði það túlkað til samræmis við ákvæði 1. gr. samningsins. Við vinnslu reglubundinna skýrslna til nefnda sem fara með eftirlit með mannréttindaskuldbindingum Íslands fer ávallt fram mat á athugasemdum nefndanna frá síðustu fyrirtöku á grundvelli viðkomandi samninga. Nú er unnið að svörum til nefndarinnar sem hefur eftirlit með samningnum gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu vegna næstu fyrirtöku á framkvæmd íslenskra stjórnvalda. Í þeirri vinnu verða athugasemdir nefndarinnar teknar til skoðunar.

2. *Hve margar kærur bárust ríkissaksóknara á árunum 2011–2013 þar sem kært var fyrir brot sem fellur undir atferlislýsingu 1. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu og hver urðu afdrif málanna í réttarkerfinu?*

Fyrsta grein samningsins gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu er svohljóðandi: „Í samningi þessum merkir hugtakið „pyndingar“ hvern þann verknað sem manni er vísvitandi valdið alvarlegum líkamlegum eða andlegum sársauka eða þjáningu með í því skyni t.d. að fá hjá honum eða þriðja manni upplýsingar eða játningu, refsa honum fyrir verk sem hann eða þriðji maður hefur framið eða er grunaður um að hafa framið, eða til að hræða eða neyða hann eða þriðja mann, eða af ástæðum sem byggjast á mismunun af einhverju tagi, þegar þeim sársauka eða þjáningu er valdið af eða fyrir frumkvæði eða með samþykki eða umlíðun opinbers starfsmanns eða annars manns sem er handhafi opinbers valds. Hugtakið tekur ekki til sársauka eða þjáningar sem rekja má að öllu leyti til eða tilheyrir eða leiðir af lögmetum viðurlögum.“

Almennt hefur verið talið að greinin feli í sér ákveðin skilyrði. Þar er efnisskilyrði um grófleika verknaðarins, skilyrði um að verknaður sé framinn af tilteknum hvötum og fortaks-
laust skilyrði um aðkomu handhafa opinbers valds að verknaðinum. Óskað var eftir upplýs-
ingum frá ríkissaksóknara um fjölda kæra sem borist hafa embættinu og varða meinta mis-
beitingu valds lögreglumanna í starfi. Taflan hér á eftir tekur til allra kæra sem varða meinta
misbeitingu frá árinu 2008 til 2014. Á tímabilinu reyndi því ekki á ákvæði hegningarlaga er
varða háttsemi eins og lýst er í 1. gr. samningsins.

Kæur sem varða meinta misbeitingu 2008–2014.

Ártal Brot	Afgreiðsla
2008 Niðurlægjandi háttsemi við líkamsleit	Fallið frá saksókn/athugasemdum við hegðun
2008 Harðræði	Fellt niður
2008 Harðræði	Fellt niður
2008 Harðræði	Ákæra (sakfelld fyrir líkamsárás, sýkna af broti í starfi)
2008 Harðræði við handtöku	Rannsókn hætt
2008 Harðræði	Rannsókn hætt
2008 Harðræði/neitað um salernisferð	Fellt niður
2008 Harðræði	Fellt niður
2008 Harðræði/niðrandi ummæli	Fellt niður
2008 Harðræði	Fellt niður
2008 Harðræði	Fellt niður
2008 Harðræði við handtöku	Fellt niður
2008 Harðræði við handtöku	Rannsókn hætt
2008 Harðræði við handtöku	Rannsókn hætt
2008 Harðræði	Rannsókn hætt
2009 Harðræði	ákæra (sýkna í héraði, sakfelld fyrir brot í starfi í Hæstarétti, sýknað af líkamsárás)
2009 Harðræði	Fellt niður
2009 Harðræði	Rannsókn hætt
2009 Harðræði	Rannsókn hætt
2009 Harðræði	Rannsókn hætt
2009 Ill meðferð/of löng vist í fangaklefa	Fellt niður
2009 Harðræði/of lengi í klefa, ekki samband við ættingja/lögmann	Fellt niður
2009 Harðræði við handtöku	Rannsókn hætt/athugasemdir við orðalag lögreglu
2009 Harðræði	Fellt niður
2009 Harðræði	Rannsókn hætt
2009 Harðræði	Fellt niður
2009 Harðræði/ólögmæt líkamsleit	Fellt niður/fallið frá saksókn
2010 Harðræði	Fellt niður
2010 Harðræði	Fellt niður
2010 Niðurlægjandi meðferð við handtöku	Fellt niður
2010 Harðræði	Kæra afturkölluð
2010 Harðræði við handtöku	Fellt niður
2010 Harðræði við handtöku	Rannsókn hætt
2010 Hótun	Fellt niður
2010 Harðræði við handtöku	Rannsókn hætt
2010 Harðræði	Rannsókn hætt
2010 Harðræði	Rannsókn hætt

Ártal Brot	Afgreiðsla
2010 Harðræði	Rannsókn hætt
2010 Harðræði	Rannsókn hætt
2010 Harðræði við handtöku	Fellt niður
2010 Harðræði við handtöku/illur aðbúnaður í klefa	Fellt niður
2011 Niðurlægjandi meðferð/leit í fjölmiðlum	Rannsókn hætt
2011 Niðurlægjandi meðferð/leit í fjölmiðlum	Rannsókn hætt
2011 Harðræði við handtöku	Rannsókn hætt
2011 Harðræði við handtöku	Fellt niður
2011 Ill meðferð	Rannsókn hætt
2011 Harðræði við handtöku	Rannsókn hætt
2011 Harðræði	Rannsókn hætt
2011 Harðræði	Rannsókn hætt
2011 Harðræði	Fellt niður
2011 Gögnum leynt vegna gæsluvarðhalds	Rannsókn hætt
2011 Harðræði	Rannsókn hætt
2012 Harðræði við handtöku	Rannsókn hætt, 4. mgr. 52. gr. sakamálalaga. (Gerð athugasemd við að ranglega var bókað að kærandi óskaði ekki eftir verjanda og ekki bókað að hún óskaði þess að samband yrði haft við aðstandendur)
2012 Harðræði við handtöku	Fellt niður, 145. gr. sakamálalaga. (Gerð athugasemd við tímalengd frelsissviptingar í kjölfar handtöku)
2012 Harðræði við handtöku og í klefa	Fellt niður, 145. gr. sakamálalaga. (Gerðar athugasemdir við að menn í sjálfsvígshættu séu látnir afklæðast)
2012 Harðræði við handtöku	Fellt niður, 145. gr. sakamálalaga
2011 Harðræði við handtöku	Sakfellt í héraði fyrir brot á 132. gr. almennra hegningarlaga
2012 Harðræði við handtöku og í klefa	Fellt niður, 145. gr. sakamálalaga. (Gerðar athugasemdir við að menn í sjálfsvígshættu séu látnir afklæðast)
2012 Harðræði við handtöku og í klefa	Rannsókn hætt, 4. mgr. 52. gr. sakamálalaga (Fyrnt)
2012 Harðræði við handtöku og í klefa	Fellt niður, 145. gr. sakamálalaga
2012 Harðræði við handtöku/líkamsárás	Fallið frá saksókn, 146. gr. sakamálalaga
2012 Harðræði við handtöku/líkamsárás	Kæru vísað frá, 4. mgr. 52. gr. sakamálalaga
2012 Harðræði við handtöku/líkamsárás	Fellt niður, 145. gr. sakamálalaga
2012 Andlát manns í vörslu lögreglu	Fellt niður, 145. gr. sakamálalaga
2013 Harðræði, niðurlægjandi framkoma við handtöku	Kæru vísað frá
2013 Harðræði við handtöku og í klefa	Fellt niður, 145. gr. sakamálalaga
2013 Harðræði við handtöku	Fellt niður, 145. gr. sakamálalaga
2013 Harðræði við handtöku og í klefa	Rannsókn hætt, 4. mgr. 52. gr. sakamálalaga
2013 Harðræði við handtöku	Kæru vísað frá
2013 Harðræði við handtöku og í klefa	Fellt niður, 145. gr. sakamálalaga
2013 Líkamsárás vegna afskipta við handtöku	Rannsókn hætt
2013 Líkamsmeiðing af gáleysi á vettvangi	Fellt niður, 145. gr. sakamálalaga

Ártal Brot	Afgreiðsla
2013 Ekki virt ósk um rétt til lögmanns	Rannsókn hætt, 4. mgr. 52. gr. sakamálalaga
2013 Harðræði við handtöku og í klefa	Rannsókn hætt, 4. mgr. 52. gr. sakamálalaga
2013 Harðræði við handtöku og í klefa	Rannsókn hætt, 4. mgr. 52. gr. sakamálalaga
2013 Harðræði við handtöku	Hæstaréttardómur, skilorðsbundið fangelsi
2013 Harðræði við handtöku	Rannsókn hætt, 4. mgr. 52. gr. sakamálalaga
2013 Harðræði við handtöku	Kæru vísað frá
2013 Harðræði við handtöku	Kæru vísað frá – fyrnt
2013 Harðræði við handtöku	Fellt niður, 145. gr. sakamálalaga
2013 Harðræði við handtöku og í klefa	Fellt niður, 145. gr. sakamálalaga
2013 Niðurlæging við handtöku og vöntun á upplýsingum um handtöku	Fellt niður, 145. gr. sakamálalaga
2013 Niðurlæging við handtöku og vöntun á upplýsingum um handtöku	Fellt niður, 145. gr. sakamálalaga
2013 Niðurlæging við handtöku og vöntun á upplýsingum um handtöku	Fellt niður, 145. gr. sakamálalaga
2014 Harðræði við handtöku	Kæru vísað frá
2014 Harðræði við handtöku og í klefa	Rannsókn hætt, 4. mgr. 52. sakamálalaga
2014 Tillitsemi og háttvísi áfátt – upplifði neikvæð samskipti	Kæru vísað frá
2014 Harðræði við handtöku og í klefa	Ekki tilefni til að framkvæma rannsókn
2014 Harðræði við handtöku og í klefa	Kæru vísað frá